

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 7. desember 2015
UST201510-202/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi fyrir Geysissvæðið, Bláskógabyggð.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita bs er barst 29. október sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi Geysissvæðisins í Haukadal, Bláskógabyggð.

Að mati Umhverfisstofnunar er jákvæðum áfanga náð að deiliskipulag með heildarsýn á Geysissvæðið er komið fram, og tekur stofnunin undir megin áherslur tillögunnar.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að afmörkun deiliskipulagsins er hverasvæðið umhverfis Geysi og Strokk. Einnig kemur fram að áhrifasvæði deiliskipulagsins tekur til stærra svæðis frá Þjóðvegi að Laugaá með Laugarfelli, enda stígar á Laugarfell með í áætluninni.

Hverir og nöfn þeirra á svæðinu

Að mati Umhverfisstofnunar ættu einungis að vera upplýsingar um náttúrulegar aðstæður goshveranna á svæðinu. Upplýsingar um það hvort hægt sé að fá þá til að gjósa með sápu eru óviðeigandi upplýsingar sem og upplýsingar um hoggnað raufar. Fyrr á árum var hróflað við hverum en það er ekki gert í dag, enda njóta hverir og hverahrúður sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Umhverfisstofnun bendir á að virkni hefur aukist á svæðinu og nýir hverir eru að myndast. Þannig getur upptalning á hverum á svæðinu ekki verið endanleg.

Göngustígar

Í greinargerð kemur fram að núverandi stígakerfi samanstendur af 620 m löngum hellulögðum stíg, og að auk þess liggi gönguleiðir upp að Konungshver og að útsýnisskífu. Ennfremur kemur fram að í tillögunni felist að stígar verði tæpir 1400 m í framtíðinni, þar af breiður steinsteyptur stígur um 440 m og timburpallar um 936 m. Stofnunin bendir á að þar sem tvær aðkomuleiðir um steypa stíga mætast er knappt horn og þyrfti að huga að þeim möguleika að gestir komi til með að stytta sér leið á milli stíganna þar sem vegalengd milli þeirra er stutt. Umhverfisstofnun tekur undir uppbyggingu stíganna, en telur mikilvægt að þeir falli sem best að ásýnd svæðisins, svo ekki verði neikvæð sjónræn áhrif á hverasvæðið af þeirra völdum.

Upplifunarstígar

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að sýna uppbyggingu upplifunarstíga í þversniði til að gefa hugmynd um hve háir að meðaltali þeir koma til með að verða. Skv. greinargerð verða þeir uppbyggðir á undirstöðum sem eru forsteyptar einingar sem ekki verða áberandi og munu stígarnir sem eru áætlaðir 2,5 – 3 m breiðir svífa yfir landinu. Umhverfisstofnun ítrekar það sem fram kom í umsögn stofnunarinnar dagsett 22. júní sl. að ekki kemur fram hve hátt þeir koma til með að svífa yfir landinu, né hve fyrirferðarmiklar undirstöðurnar koma til með að verða.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að huga þarf að því að snjóhreinsa þarf timburpalla á veturna og því er mikilvægt að gert sé ráð fyrir að stígarnir beri létt snjóruðningstæki.

Samgöngur

Umhverfisstofnun tekur undir endurskoðun á aðkomu að Geysissvæðinu, en minnir á að skv. náttúruminjaskrá er svæðið Almenningar ósnortið mýrasvæði, eitt af fáum slíkum á Suðurlandi. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að tekið sé tillit til mýrasvæðisins við endurskoðunina. Umhverfisstofnun minnir einnig á að votlendi 20.000 m² eða stærri njóta sérstakrar verndar skv. 57. gr. laga nr. 60/2013.

Affallsvatn

Að mati Umhverfisstofnunar ætti tillaga um stýringu/nýtingu á affallsvatni frá hverum svæðisins að vera hluti deiliskipulagstillögunnar, svo hægt væri að taka afstöðu til hennar.

Gönguleiðir

Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir um gönguleiðir að og frá Laugarfelli, og telur mikilvægt að auka fjölbreytni á þjónustu við ferðamenn.

Umhverfisskýrsla –umhverfisáhrif

Umhverfisstofnun tekur undir að áhersla deiliskipulagsins er að draga úr neikvæðum áhrifum á svæðið vegna ágangs.

Umhverfisstofnun bendir á að seinni spurningunni í umfjöllun um umhverfisáhrif er ekki svarað í raun, en spurningin er hvort deiliskipulagið geri ráð fyrir að mannvirkjum sé haldið í lágmarki. Að mati Umhverfisstofnunar munu áætlaðir göngustígar taka yfir nokkuð stóran hluta hverasvæðisins. Umhverfisstofnun bendir á að upphækkaðir stígar munu mögulega hafa þau áhrif að ásýnd svæðisins muni taka breytingum við framkvæmdir. Fram kemur í upphafi greinargerðar að framkvæmdir verði áfangaskiptar, að mati Umhverfisstofnunar er nauðsynlegt að endurskoða áætlaðar framkvæmdir við hvern áfanga og fara í gegnum raunveruleg áhrif framkvæmdanna. Að mati stofnunarinnar gerir deiliskipulagið líklega ekki ráð fyrir að framkvæmdum verði haldið í lágmarki. Að mati Umhverfisstofnunar er reynt að þjónusta ferðamenn sem best og reynt að gera þeim kleift að skoða sem mest af svæðinu.

Umhverfisþáttur


Umhverfisstofnun tekur undir friðlýsingu Gamla Geysis og tekur undir að deiliskipulagið tryggi betur en áður varðveislu náttúruverðmæta.


Í umhverfisskýrslu kemur fram að við framkvæmdir er gert ráð fyrir að nota efni á staðnum eftir föngum. Umhverfisstofnun bendir á að sú efnisnotkun er ekki útskýrð nánar svo erfitt er að taka afstöðu til hvort efnisnotkun verði sjálfbær.

Að mati stofnunarinnar kemur ekki fram skýrt svar við því hvort skipulagið geri ráð fyrir framkvæmdum sem spilla jarðmyndunum, gróðri eða fuglalífi. Að mati stofnunarinnar mun breikkun og steypuvinna við aðalgöngustíginn hafa að einhverju leyti í för með sér röskun á yfirborði svæðisins. Að mati stofnunarinnar eru áætlaðar framkvæmdir við aðalstíg þó mikilvægar og að stórum hluta á röskuðu svæði þannig að möguleg röskun er ásættanleg. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem ekki kemur fram hvernig undirstöður svífandi stíga eru áætlaðar þá er ekki hægt að taka afstöðu til þess hvort eða hve mikið framkvæmdir við þá muni raska yfirborði.

Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur í umfjöllun um skipulag svæðisins að áhættumat verði unnið áður en framkvæmdir hefjast, til þess að meta öryggi gesta sem koma á svæðið.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri